

88

L Ö G

7. nóv.

um breyting á lögum nr. 1 16. janúar 1943, um innflutning og gjaldeyrismeðferð.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Síðari málsliður 8. gr. laga nr. 1 16. jan. 1943 hljóði svo:

Lög þessi falla úr gildi 1. des. 1945.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 7. nóvember 1945.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Pétur Magnússon.

Stjórnartíðindi 1945, A. 15.

89

L Ö G

23. nóv.

um heimild fyrir Sláturfélag Skagfirðinga til að innkalla stofnbréf sín.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Sláturfélagi Skagfirðinga veitist heimild til að innkalla stofnbréf þau, er út hafa verið gefin til félagsmanna, gegn því að afhenda félagsmönnum samtímis og bréf-um er skilað stofnfjárnækur fyrir innstæðu þeirra í stofnsjóði.

2. gr.

Auglýsing um innköllunina skal birta í Lögbirtingablaðinu á venjulegan hátt að minnsta kosti með þriggja mánaða fyrirvara. Einnig skal auglýsa innköllunina í þeim vikublöðum eða dagblöðum, sem ætla má, að hafi verulega útbreiðslu á félags-svæðinu. Í auglýsingu skal skýrt kveðið á um eindaga afhendingar og það jafnframt tekið fram, að þau bréf, sem ekki hafa verið afhent á eindaga, skuli ógild vera og réttlaus.

3. gr.

Að innköllunarfresti liðnum skal sláturfélagið færa inn í viðskiptabækurnar stofnfjáreign félagsmanna án tillits til þess, hvort bréfin hafa verið afhent eða eigi, enda fellur niður skylda félagsins til að innleysa bréfin, þótt þau komi síðar fram.